

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. maí 2010  
Tilvísun: UST20100500007/bs

### Líparitvinnsla í Hvalfirði. Frummatsskýrsla

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrsluna:

**Mótvægisáðgerðir** Í frummatsskýrslu segir að mótvægisáðgerðir muni snúa fyrst og fremst að þáttum er varða umgengni á rekstrartíma og ekki síður að lokafrágangi lands að námuvinnslu lokinni.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um að ræða áðgerðir sem telja verði eðlilega hluta hvernar efnistöku í samræmi við 48 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruverndog geta því ekki talist til mótvægisáðgerða.

**Áhrifasvæði framkvæmdar** Umhverfisstofnun telur að áhrifasvæði sé skilgreint of þröngt m.t.t. sjónrænna áhrifa. Geta ætti sammögnunaráhrifa vegna efnistöku í námu 2. Sami framkvæmdaaðili hefur tekið efni úr þessari námu og námu 3. Umhverfisstofnun telur að gera hefði átt grein fyrir frágangi námu 2 í frummatsskýrslu.


**Jarðmyndanir** Í frummatsskýrslu segir m.a. um jarðmyndanir: *Merkum jarðminjum verður þó ekki spillt, þar sem myndunin verður aðgengileg í námuvegg beggja vinnsluþrepanna.* Umhverfisstofnun vill benda á að opnur í námunni að lokinni vinnslu sem kunna að hafa visst fræðslugildi breyta ekki þeirri staðreynd að gengið er á jarðmyndunina við fyrirhugaða efnistöku.


Í frummatsskýrslu er fjallað nokkuð um neikvæð sjónræn áhrif vegna illrar umgengni á aðliggjandi lóð. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er ljóst hvaða tilgangi tilvísanir í vonda umgengni á aðliggjandi svæðum þjóna í frummatsskýrslu.

**Niðurstaða** Efnistaka hefur farið fram í námu 3 um áratugaskeið. Hér er því um að ræða viðbót við umhverfisáhrif sem að hluta eru þegar fram komin. Bergið sem fyrirhugað er að vinna er ekki algengt, en jarðmyndunin sem efnistakan fer fram í er mun stærri en fyrirhugað námusvæði. Umhverfisstofnun telur að draga megi nokkuð úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar með því verklagi sem fyrirhugað er að viðhafa. En auk þess mætti bæta ásýnd svæðisins með því að ganga frá námu 2.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að frekari líparítvinnsla í námu 3 muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri